



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 5. október 2017

### Stjórnvaldssekt og úrbótakrafa vegna kaupaukagreiðslna Arctica Finance hf.

Hinn 20. september 2017 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins þá ákvörðun að leggja stjórnvaldssekt að fjárhæð 72.000.000 krónur á Arctica Finance ehf. (Arctica, félagið) vegna brota félagsins gegn 57. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.) og reglum nr. 700/2011 og 388/2016 um kaupaukakerfi. Brotin fólust í því að hafa greitt starfsmönnum kaupauka í formi arðs af B, C og D hlutum í félaginu frá og með 2012 til og með 2017.

Þá krafðist Fjármálaeftirlitið þess að Arctica léti þegar í stað af kaupaukagreiðslum í formi arðgreiðslna til B, C og D hluthafa.

#### Málsatvik

Arctica var stofnað árið 2009 og fékk starfsleyfi verðbréfafyrirtækis árið 2010. Upphaflega starfaði félagið á sviði fyrirtækjaráðgjafar, en síðar bættust við deildir eignastýringar og markaðsviðskipta.

Hlutfé félagsins er skipt í nokkra flokka. Í flokkum B, C og D er réttur hluthafa til arðs miðaður við hagnað áður nefndra deilda félagsins og eru hluthafarnir í þeim flokkum jafnframt starfsmenn félagsins.

#### *B hlutir*

Við stofnun Arctica árið 2009 var hlutfé félagsins skipt í A flokk, að nafnverði 30 milljónir króna, og B flokk, að nafnverði 70.000 krónur. Samkvæmt samþykktum félagsins er stjórn skylt að leggja fram tillögu á aðalfundi félagsins um að hluthafar í B flokki fái arð sem nemur a.m.k. 50% af árlegum hagnaði fyrirtækjaráðgjafar félagsins. Allir hluthafar B flokks eru jafnframt starfsmenn fyrirtækjaráðgjafar Arctica og greiddu þeir nafnverð fyrir hlutinn, eða 1 krónu pr. hlut.

#### *C og D hlutir*

Í maí 2011 var samþykktum Arctica breytt og C og D flokki bætt við.

Hlutfé C flokks er að nafnverði 30.000 krónur. Samkvæmt samþykktunum er stjórn skylt að leggja fram tillögu á aðalfundi félagsins um að hluthafar í C flokki fái arð sem nemur a.m.k. 50% af árlegum hagnaði eignastýringar félagsins. Allir hluthafar C flokks eru jafnframt starfsmenn eignastýringar Arctica og greiddu þeir nafnverð fyrir hlutinn, eða 1 krónu pr. hlut.

Hlutfé D flokks er 100.000 krónur að nafnverði. Samkvæmt samþykktum er stjórn skylt að leggja fram tillögu á aðalfundi félagsins um að hluthafar í D flokki fái arð sem nemur a.m.k. 50% af árlegum hagnaði markaðsviðskipta félagsins. Allir hluthafar D flokks eru jafnframt starfsmenn markaðsviðskipta Arctica og greiddu þeir nafnverð fyrir hlutinn, eða 1 krónu pr. hlut.

#### *Arðgreiðslur til hluthafa í B, C og D flokki*

Hluthafar í B flokki fengu arðgreiðslur frá og með árinu 2012 til og með ársins 2017. Hluthafar í C flokki fengu arðgreiðslu árið 2016. Hluthafar í D flokki fengu arðgreiðslur árið 2012 og frá og með árinu 2014 til og með ársins 2017.

Arðgreiðslur til hluthafanna í B, C og D flokki á framangreindu tímabili námu samtals um 668 milljónum króna.



# FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Niðurstaða

### A

Fjármálaeftirlitið tók til skoðunar hvort í arðgreiðslum Arctica til B, C og D hluthafa hefði falist kaupauki í skilningi 57. gr. a fttl. og reglna settra á grundvelli þess ákvæðis. Til að leysa úr því álitaefni mat Fjármálaeftirlitið hvort í arðgreiðslunum hefði falist endurgjald fyrir starf eða hvort um hefði verið að ræða venjulegan arð af áhættufjárfestingu í hlutabréfum félagsins.

Fjármálaeftirlitið telur að almennt séð sé starfsmönnum fjármálafyrirtækja, öðrum en starfsmönnum innri endurskoðunar, heimilt að fjárfesta í hlutabréfum viðkomandi fjármálafyrirtækis. Sömuleiðis er viðurkennt að starfsmenn sem fjárfesta í fjármálafyrirtæki sem þeir starfa hjá eigi almennt séð kröfu til arðs af fjárfestingum sínum, án þess að arðgreiðslurnar þurfi endilega að teljast til kaupauka.

Í því máli sem hér var til skoðunar taldi Fjármálaeftirlitið þó ýmis atriði valda því að rétt væri að telja arðgreiðslur vegna B, C og D hluta í Arctica til kaupauka í skilningi 57. gr. a fttl. og í skilningi reglna nr. 700/2011 og 388/2016:

Í fyrsta lagi mætti ráða að engir aðrir en starfsmenn Arctica hefðu fengið að kaupa hlutabréf í umræddum flokkum og þá aðeins í þeim flokki sem tengdur væri afkomu deildarinnar sem starfsmaðurinn starfaði í.

Í öðru lagi hefði verið verulegur munur á fjárfestingu starfsmannanna og þeirri hagnaðarvon sem þeir hefðu getað gert til hlutabréfanna væri horft til arðgreiðslna til hluthafa í B, C og D flokki á árunum 2011 til 2017, sem námu samtals 715.043.691 krónum. Af því mætti ráða að verulegur munur væri á þeirri fjárhagslegu áhættu sem hluthafar B, C og D flokks hefðu tekið með fjárfestingum sínum og hagnaðarvonar þeirra.

Í þriðja lagi kveða samþykktir Arctica á um að við starfslok hjá félaginu skuli hluthafi í B, C og D flokki sæta innlausn á framreiknuðu nafnverði. Sú litla fjárhagslega áhætta sem hluthafar hefðu tekið með fjárfestingu í bréfunum hefði orðið enn minni við það að þeir gátu verið vissir um að við starfslok fengju þeir bréfin innleyst á sama gengi og þeir keyptu þau á. Arctica hefur gengið lengra við starfslok starfsmanna og bætt við nafnverðið fjárhæð sem svaraði til hlutdeildar hinna seldu hluta í þeim arði sem viðkomandi flokkur átti rétt til á því tímamarki sem starfslok viðkomandi starfsmanns áttu sér stað. Fjármálaeftirlitið taldi síðastnefnda atriðið sýna að félagið hefði sjálft meðhöndlað arðgreiðslurnar sem hluta af launum starfsmannanna.

Í fjórða lagi kemur fram í ráðningarsamningum Arctica, við þá starfsmenn eignarstýringarsviðs sem jafnframt voru hluthafar í C flokki, undir liðnum „Laun“ að hluthöfunum sé tryggð greiðsla frá félaginu ef nýr aðili eignast meirihlutann í Arctica. Taldi Fjármálaeftirlitið þetta sýna að líta bæri á handhöfn a.m.k. C hlutanna sem lið í launakjörum starfsmanna, frekar en fjárfestingu í félaginu.

Fjármálaeftirlitið taldi að ofangreind atriði yllu því að ekki væri unnt að leggja arðgreiðslur til hluthafa B, C og D flokka að jöfnu við venjulegar arðgreiðslur af fjárfestingum í hlutabréfum.

Arðgreiðslur til hluthafa B, C og D flokks fólust í greiðslum í reiðufé. Endanlega fjárhæð var ekki unnt að sjá fyrirfram með nákvæmum hætti, enda var fjárhæðin ákvörðuð eftir reiknireglu sem tók tillit til rekstrarárangurs þeirrar deildar, sem viðkomandi flokkur var tengdur við og hluthafar störfuðu í. Af fyrirbyggjandi gögnum varð ekki ráðið að greiðslurnar hefðu verið þáttur í föstum starfskjörum starfsmanna félagsins.



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármálaeftirlitið taldi að af ofangreindu leiddi að í arðgreiðslum til hluthafa B, C og D flokks á árabílinu 2012 til 2017 hefði falist kaupauki, sbr. 8. tölul. 1. mgr. 1. gr. a fttl., og eftir atvikum 1. gr. reglna nr. 700/2011 eða reglna nr. 388/2016.

### B

Fjármálafyrirtæki er heimilt að ákvarða starfsmönnum kaupauka á grundvelli kaupaukakerfis, skv. 57. gr. a fttl. Kaupaukakerfi er skilgreint sem starfsreglur fjármálafyrirtækis um kaupauka, sbr. 1. gr. reglna nr. 700/2011 og 388/2016. Óumdeilt er að ekkert kaupaukakerfi er til staðar hjá Arctica og hefur aldrei verið. Því er ljóst að kaupaukar í formi arðgreiðslna til hluthafa B, C og D flokks hafa ekki verið inntir af hendi á grundvelli kaupaukakerfis eins og skylt er, sbr. 3. gr. reglna nr. 700/2011 sem og 388/2016.

Samtala veitts kaupauka til starfsmanns má á ársgrundvelli ekki nema hærri fjárhæð en 25% af árslaunum viðkomandi án kaupauka, skv. 1. mgr. 57. gr. a fttl., sbr. 2. mgr. 6. gr. reglna nr. 700/2011 eða 1. mgr. 6. gr. reglna nr. 388/2016. Kaupaukagreiðslur í formi arðgreiðslna til hluthafa í B flokki, á tímabilinu 2012 til 2016 námu 36% til 223% af árslaunum viðkomandi starfsmanna. Kaupaukagreiðslur í formi arðgreiðslna til hluthafa í D flokki, á árunum 2012 og 2014 til 2016, námu 36% til 459% af árslaunum viðkomandi starfsmanna. Kaupaukagreiðslur í formi arðgreiðslna til hluthafa í C flokki, á árinu 2016, námu innan við 25% af árslaunum viðkomandi starfsmanna.

Þá skal fresta útgreiðslu a.m.k. 40% af ákvörðuðum kaupauka í a.m.k. þrjú ár, skv. 4. mgr. 6. gr. reglna nr. 700/2011 og 1. mgr. 7. gr. reglna nr. 388/2016. Arctica gerði það ekki vegna kaupaukagreiðslna sem inntar voru af hendi á því tímabili sem hér er til umfjöllunar.

Auk þess er óheimilt að greiða starfsmönnum regluvörslu kaupauka, skv. 2. mgr. 57. gr. a fttl. og 2. mgr. 13. gr. reglna nr. 700/2011, en regluvörður Arctica hlaut kaupaukgagreiðslur í formi arðgreiðslna í B flokki á árunum 2012 til 2017.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum var það mat Fjármálaeftirlitsins að Arctica hefði brotið gegn 57. gr. a fttl., gegn 3. gr., 2. mgr. og 4. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 13. gr. reglna nr. 700/2011, og gegn 3. gr., 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 7. gr. reglna nr. 388/2016.

Fjármálaeftirlitið krafðist þess að Arctica léti þegar í stað af kaupaukagreiðslum í formi arðgreiðslna til B, C og D hluthafa, með vísan til 1. mgr. 10. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Þá var það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að leggja bæri stjórnvaldssekt á Arctica vegna brotanna.

### Ákvörðun sektarfjárhæðar

Við ákvörðun sektarfjárhæðar var litið til markmiðs kaupaukareglna fjármálafyrirtækja, sem er að koma í veg fyrir óhóflega áhættu í starfsemi þeirra með áhrifum á fjármálastöðugleika og almenning, að teknu tilliti til þess að Arctica er verðbréfafyrirtæki. Þá var horft til þess að brotin ná yfir sex ára tímabil, að stór hluti starfsmanna naut kaupaukagreiðslnanna, að kaupaukarnir voru bundnir við árangur þeirrar deildar sem viðkomandi starfsmaður starfaði í, að kaupaukarnir voru í sumum tilvikum margföld föst laun viðkomandi starfsmanns og að regluverði félagsins var greiddur kaupauki. Með hliðsjón af ofangreindum atriðum þótti stjórnvaldssekt hæfilega ákveðin 72.000.000 krónur.